

Efling samstarfs um mennta- og fræðastarf á Suðurlandi

Tillögur og áherslur

SASS 2013

Efling samstarfs um mennta- og fræðastarf á Suðurlandi

**Tillögur og áherslur.
Yfirlit um stofnanir í mennta- og fræðastarfi.
Niðurstöður könnunar meðal atvinnulífsins.**

**SASS
Október 2013**

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Helstu niðurstöður | 3 |
| 1. Verkefnið | 5 |
| 2. Yfirlit um stofnanir í mennta- og fræðastarfi á Suðurlandi | 6 |
| 2.1 Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar | 6 |
| 2.2 Háskóla- og rannsóknasetur | 6 |
| 2.3 Önnur háskólatengd starfsemi | 7 |
| 2.4 Framhaldsskólar | 8 |
| 2.5 Þekkingarsetur..... | 9 |
| 2.6 Samstarfsvettvangur um eflingu háskólastarfs og þekkingarsetra | 10 |
| 2.7 Ýmsir aðrir aðilar í rannsóknum, fræðum og vísindum..... | 10 |
| 3. Tillögur og áherslur | 11 |
| 3.1 Samstarf og samhæfing..... | 11 |
| 3.2 Kynning á menntun og gildi hennar | 14 |
| 3.3 Aðgerðir til þess að efla menntun á miðsvæði Suðurlands | 15 |
| 3.4 Leiðir til að hækka menntunarstig og auka virði menntunar..... | 18 |
| 3.5. Framkvæmd og eftirfylgni | 22 |
| 4. Fylgiskjöl | 23 |
| I. Samandregnar áherslur funda..... | 23 |
| II. Fjárveitingar og samanburður milli landshluta | 28 |
| III. Netkönnun um þörf atvinnulífsins á Suðurlandi fyrir menntun..... | 29 |
| Allar atvinnugreinar..... | 30 |
| Verslun og þjónusta..... | 35 |
| Skólakerfi (Leik- og grunnskólar) | 43 |
| Ferðaþjónusta | 52 |
| Heilbrigðis- og velferðarþjónusta..... | 62 |
| Landbúnaður og garðyrkja | 72 |
| Sjávarútvegur og fiskvinnsla | 82 |
| Matvælavinnsla | 90 |
| Menning og skapandi greinar..... | 98 |

Helstu niðurstöður

Samstarf og samhæfing

1. Byggt verði upp samstarf við aðila atvinnulífsins (fyrirtæki og stéttarfélag) og þeir virkjaðir við þróun og eflingu menntunar á Suðurlandi.
2. Til verði samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi og samstarfi um framhaldsfræðslu, framhaldsskóla- og háskólamenntun á Suðurlandi markaður rammi.
3. Stuðlað verði að samræðu og samstarfi milli grunnskólastigs og framhaldsskólastigs á Suðurlandi.
4. Teknir verði upp ársfundir rannsókna og fræða á Suðurlandi.
5. Haldið verði menntaþing (umræðuvettvangur um menntamál) í hverju héraði á Suðurlandi og framboð á menntun kynnt í leiðinni.
6. Menntastefna Suðurlands 2014 - 2018 verði mótuð í framhaldi af menntaþingum.
7. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, lðan-fræðslusetur og sambærilegir aðilar verði nýttir frekar til þess að auka framboð og bæta aðgengi að fræðslu og menntun á Suðurlandi.

Kynning á menntun og gildi hennar

1. Unnið verði markvisst að kynningu meðal íbúa Suðurlands á gildi menntunar og menntunarmöguleikum.
2. Í grunnskólum og framhaldsskólum á Suðurlandi verði markvisst unnið að kynningu og auknum tengslum við atvinnulífið.

Aðgerðir til þess að efla menntun á miðsvæði Suðurlands

1. Í kjölfar menntaþinga í héruðum verði farið yfir kosti og galla við að stofnsetja námsver fyrir framhaldsskólastig á þeim þéttbýlisstöðum sem fjærst liggja framhaldsskólum á Suðurlandi.
2. Ýtt verði undir það að Sunnlendingar sækji nám á háskólastigi í auknu mæli, ekki síst íbúar á miðsvæðinu.
3. Stutt verði við starfsemi og stofnun þekkingarsetra á Suðurlandi, ekki síst á miðsvæðinu.
4. Fræðslustofnanir verði hvattar til þess að vinna að eflingu menntunar á miðsvæði Suðurlands.
5. Litið verði á rannsókn-, menningar- og fræðastofnanir sem nú þegar starfa á Suðurlandi sem farveg til þess að fjölga störfum og tækifærum fyrir faglært fólk, ekki síst á miðsvæðinu.

Leiðir til að hækka menntunarstig og auka virði menntunar

1. Á samráðsvettvangi menntunar og atvinnulífs verði unnið sérstaklega að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir ungt menntað fólk á Suðurlandi.
2. Aukin áhersla verði á starfsnám og verknám á Suðurlandi, ekki síst í tengslum við eflingu nýsköpunar.
3. Menntun í listgreinum og hönnun á Suðurlandi verði eflid.
4. Jákvæðum áhrifum framboðs á fjarnámi á Suðurlandi verði haldið á lofti í baráttu fyrir aukinni fjölbreytni og betra aðgengi að háskólanámi í gegnum fjarnám.
5. Unnið verði að því á Suðurlandi að færa ýmis konar fræðslu inn í fyrirtæki og vinnustaði og bjóða starfsfólki upp á nám í þágu starfsins á vinnutíma.
6. Áhersla verði lögð á sérhæfð námskeið fyrir atvinnulíf á Suðurlandi, þróuð í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir.
7. Í ljósi mikilvægis ferðaþjónustu og matvælavinnslu (þ.m.t. sjávarútvegs og landbúnaðar) á Suðurlandi verði sérstaklega hugað að menntun í þeim atvinnugreinum.
8. Úttekt verði gerð á ástandi nettenginga á Suðurlandi og átaki hrundið af stað til þess að bæta þær þar sem þörf er á.
9. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga setji baráttu fyrir auknu framboði á fjarnámi á háskólastigi á dagskrá landshlutasamtaka sveitarfélaga.
10. Tækninýjungar sem bjóðast í skólakerfinu verði nýttar og leitað leiða til að mennta einstaklinga á Suðurlandi með góða fjarskipta- og tæknifærni.
11. Íbúar Suðurlands taki höndum saman um að standa vörð um framhaldsskólana og efla þá með öllum ráðum.

Framkvæmd og eftirfylgni

1. Menntamál á Suðurlandi verði skilgreind sem sérstakt átaksverkefni hjá SASS og viðurkennd sem raunverulegt byggðamálefni.

1. Verkefnið

Eitt af þeim verkefnum sem skilgreind eru í Sóknaráætlun Suðurlands ber yfirskriftina *Efling samstarfs um mennta- og fræðastarf á Suðurlandi*. Í lok maí 2013 var undirritaður ráðinn til að leiða verkefnið og vinna að tillögugerð með verkefnisstjórn fyrir 30. september 2013. Í verklýsingu segir svo um verkefnið:

Markmiðið er að greina möguleika og leggja fram tillögur um samhæfingu þeirra kerfa og stofnana sem fyrir eru og nýta reynslu og þekkingu þeirra sem þar starfa við þarfagreiningu og önnur verkefni. Jafnframt verði unnið að þarfagreiningu atvinnulífs á svæðinu fyrir menntun og þjónustu frá menntastofnunum sem og að vinna að tillögum að samstarfsformi mennta- og atvinnulífs á Suðurlandi.

Verkefnið fólst því í tillögugerð um samhæfingu mennta- og fræðastarfs, með áherslu á uppbyggingu á miðsvæði Suðurlands. Einnig að skoða hvaða leiðir sé raunhæft að fara til að hækka menntunarstig í landshlutanum. Þá var samstarf atvinnulífs og mennta- og fræðastarfs skoðað sérstaklega.

Í verkefnisstjórn verkefnisins sátu:

- Sigríður Lára Ásbergsdóttir stjórnarmaður í SASS.
- Fanney Björg Sveinsdóttir ráðgjafi hjá SASS.
- Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands.
- Ásmundur S. Pálsson framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands.

Verkefnisstjórnin fundaði reglulega með ráðgjafa. Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS sat einnig fundi stjórnarinnar. Þessu fólki og öðrum þátttakendum er þakkað fyrir samstarfið.

Ráðgjafi efndi til fimm funda með rýnihópum, skipuðum fulltrúum úr atvinnulífi, stjórnarsýslu, menntastarfi og fleiri sviðum til þess að ræða um eflingu menntunar. Rúmlega 50 einstaklingar tóku þátt í fundunum. Einnig var tekið saman yfirlit um framlög ríkisins til málaflokksins á Suðurlandi og þau borin saman við framlög til annarra landssvæða.

Tvisvar á verktíma verkefnisins var aðilum frá framhaldsskólum, símenntunarmiðstöðvum og rannsókn-, þekkingar- og háskólasetrum, boðið til samráðsfunda sem reyndust afar gagnlegir. Í ágúst var send út netkönnun til fjölda fyrirtækja í níu atvinnugreinum á Suðurlandi. Tæplega 400 svör bárust og eru niðurstöðurnar góður leiðarvísir um þarfir atvinnulífsins fyrir menntun.

Í þessu verkefni er lögð áhersla á leiðir til þess að efla menntun og hækka menntunarstig á Suðurlandi. Full ástæða er til þess að beina sjónum sérstaklega að vaxandi umsvifum og möguleikum rannsókna og fræða í öðru verkefni.

Sveitarfélög og einstakir sveitarstjórnarfulltrúar á Suðurlandi geta haft veruleg áhrif á stöðu menntunar í landshlutanum. Því er mikilvægt að þau taki fullan þátt í því sameiginlega átaki sem hér er lagt til að hrundið verði af stað með marghátuðum aðgerðum.

2. október 2013,
Gísli Sverrir Árnason, R3-Ráðgjöf ehf.

2. Yfirlit um stofnanir í mennta- og fræðastarfi á Suðurlandi

2.1 Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar

Fræðslunet Suðurlands Selfossi

Fræðslunet Suðurlands er símenntunarmiðstöð staðsett á Selfossi, og að auki með starfsstöð á Hvolsvelli, Kirkjubæjarklaustri og í Vík. Fræðslunetið býður upp á námskeið fyrir fullorðna, en tekur einnig að sér að skipuleggja námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin eru af ýmsum toga, bæði starfstengd- og tómstundanámskeið og er hluti af námskeiðum ávallt fjarkenndur. Þá býður Fræðslunetið fullorðnu fólki upp á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Fræðslunetið hefur tekið að sér símenntun fyrir fatlað fólk á Suðurlandi með samningi við Fjölmennt.

Viska. Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja

Viska er fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Henni er ætlað að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi. Viska hefur forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á ótal sviðum og miðlar því til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þá býður Viska fullorðnu fólki upp á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Þekkingarnet Austurlands/Austurbrú, starfsstöð á Höfn í Hornafirði

Starfsemi Þekkingarnets Austurlands rann inn í Austurbrú árið 2012. Austurbrú hefur fimm starfsstöðvar á Austurlandi, þar af eina á Höfn. Þekkingarnetið er samstarfsvettvangur fræðslustofnana, atvinnulífs og sveitarfélaga og er tengiliður milli þeirra sem sinna háskólakennslu, símenntun og fullorðinsfræðslu og einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á Austurlandi. Sveitarfélagið Hornafjörður er á leið út úr samstarfinu við Austurbrú og á leið í samstarf með Fræðsluneti Suðurlands.

2.2 Háskóla- og rannsóknasetur

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Suðurlands er eitt af rannsóknasetrum Háskóla Íslands á landsbyggðinni. Það hefur aðsetur á Selfossi og er að auki með starfsstöð í Gunnarsholti. Stofnunin er vettvangur samstarfsverkefna Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Markmið hennar er m.a. að skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru m.a. stundaðar rannsóknir sem auka þekkingu á fjölbreyttum landnotkunarmálum.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði er rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðausturlandi. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu um náttúrufer, menningu og samfélag á Suðausturlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum aðstöðu til rannsókn- og fræðastarfs. Meginviðfangsefni Rannsóknasetursins hafa verið rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar, einkum í tengslum við ferðaþjónustu og starfsemi á friðlýstum svæðum.

2.3 Önnur háskólatengd starfsemi

Garðyrkjuskólinn á Reykjum, Landbúnaðarháskóli Íslands

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi er hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Viðfangsefni skólans er fyrst og fremst náttúra Íslands, nýting, viðhald og verndun. Að Reykjum fer fram starfsmenntanám í blómaskreytingum, garðplöntuframleiðslu, skógrækt, skrudgarðyrkju, umhverfisfræði og ylrækt.

Íþróttافرæðasetur Háskóla Íslands á Laugarvatni

Námið á Íþrótt- og heilsubraut er skipulagt sem grunn- og framhaldsnám með áherslu sem miða að því að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði heilsuræktar og þjálfunar meðal annars við þjálfun íþróttafólks, þjálfun í heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf hjá sveitarfélögum.

Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði

Á vegum Rannsóknarmiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi er unnið að fjölfaglegum rannsóknum á eðli og áhrifum jarðskjálfta. Rekin eru umfangsmikil mælikerfi sem safna upplýsingum sem nýtast við áhættustjórnun og jarðskjálftahönnun. Auk þess fer þar fram fræðsla til almennings um áhrif jarðskjálfta og öryggi í jarðskjálftum. Miðstöðin annast umfangsmiklar jarðskjálftamælingar á jarðskjálftasvæðum Norðanlands og á Suðurlandi.

Landgræðsla ríkisins í Gunnarsholti

Landgræðsla ríkisins heyrir undir umhverfisráðuneytið og vinnur samkvæmt lögum um landgræðslu að stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar, gróðureftirliti og gróðurvernd. Ennfremur að fræðslu, leiðbeiningum, rannsóknum og þróunarstarfi á þessu sviði.

2.4 Framhaldsskólar

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

Skólinn býður upp á almennt bóknám en leggur auk þess áherslu á starfsnám, fullorðinsfræðslu og símenntun. Boðið er upp á nám við skólann á fjórum brautum sem lýkur með stúdentsprófi. Það eru hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, kjörnámsbraut og umhverfis- og auðlindabraut. Í skólanum er einnig boðið upp nám á framhaldsskólabraut, sem lýkur með framhaldsskólaprófi, og fjallamenskubraut, sem lýkur með fjallamenskuprófi. Einnig er boðið upp á nám á ýmsum starfsbrautum. Um 200 nemendur stunda nám við skólann.

Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi

Við skólann er boðið upp á fjölda námsbrauta; starfsbraut fyrir þá sem hafa notið umtalsverðrar sérkennslu í grunnskóla, almenna braut fyrir þá sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir, ýmsar iðn- og starfsnámsbrautir til starfsréttinda, listnámsbraut og bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Einnig er hægt að stunda nám til stúdentsprófs að loknu námi á starfsámsbrautum. Þá er starfræktur kvöldskóli meistaraskóla þegar aðsókn er nægileg, hestabraut (sú eina við framhaldsskóla á landinu) og fjórar íþróttakademíur. Þá sinnir skólinn kennslu í fangelsunum á Litlahrauni og Sogni.

Menntaskólinn að Laugarvatni

Skólinn er framhaldsskóli og heimvistarskóli, sem starfar eftir bekkjakerfi. Við skólann eru starfræktar tvær bóknámsbrautir til stúdentsprófs, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut. Nám á bóknámsbrautunum tekur 4 ár og lýkur með stúdentsprófi. Íþróttaaðstaða í samstarfi við Íþróttufræðasetur Háskóla Íslands skapar skólanum mikla sérstöðu. Um 160 nemendur stunda nám við skólann.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum er boðið upp á bóklegt nám og verknám. Unnt er að ljúka stúdentsprófi af fjórum brautum; félagsfræðibraut, viðskipta- og hagfræðibraut, mála- braut og náttúrufræðibraut. Skólinn býður upp fjölbreytt starfsréttindanám og grunnnám í ýmsum iðngreinum. Í skólanum er almenn námsbraut fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskyldum námsárangri úr grunnskóla, félags- og tólmundabraut, grunnnám þjónustugreina og grunnur fyrir skrifstofu- og verslunarbraut. Í skólanum eru einnig starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Um 260 nemendur stunda nám við skólann.

2.5 Þekkingarsetur

Með hugtakinu þekkingarsetur er átt við stað þar sem blönduð starfsemi og margar stofnanir deila húsnaði eða öðrum kjörum undir sama hatti.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Fjöl margar stofnanir starfa innan Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Megin tilgangur setursins er að stuðla að aukinni almennri þekkingu með fræðslustarfi, eflingu háskólamenntunar, vísindarannsóknum og nýsköpun, sem leiðir til uppbyggingar og fjölbreytileika í atvinnulífi Vestmannaeyja. Starfsemi stofnana og fyrirtækja innan setursins er fjölbætt og tengist m.a. atvinnulífi, menningarstarfsemi og menntun.

Nýheimar á Höfn

Nýheimar, mennta- og menningarsetur Hornafjarðar, byggir á hugmyndum um opið þekkingarsamfélag. Þar er að finna fjölda stofnana sem vinna eftir hugmyndafræði og samstarfsneti um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun á Suðausturlandi. Nýheimar hýsa Menningarmiðstöð Hornafjarðar, bókasafn og héraðsskjalasafn. Þar að auki eru í Nýheimum Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði og fleiri stofnanir.

Kirkjubæjarstofa

Kirkjubæjarstofa er rannsókn- og menningarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Markmið starfseminnar er að efla og styðja rannsóknir og lifandi fræðslu um náttúruferðir, sögu og menningu héraðsins. Lögð er áhersla á að starfsemin sé í fullu samræmi við áherslur í stefnumörkun sveitarfélagsins og kröfur og aðstæður í nútíma upplýsingar- og þekkingarþjófélagi.

Kötlusetur í Vík

Setrinu er ætlað það hlutverk að vera fræða- og menningarsetur í Mýrdal. Verkefnið fyrst um sinn lúta að safna- og menningartengdri starfsemi og að vinna að mótun og eflingu ferðarþjónustu í sveitarfélaginu. Kötlusetur hefur tekið að sér að efla samstarf ferðarþjónustuaðila á svæðinu, m.a. hvað varðar upplýsingagjöf til ferðamanna og markaðssetningu á Mýrdalnum.

Fjölheimar á Selfossi

Fjölheimar á Selfossi hýsa Fræðslunet Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands og ýmsar aðrar stofnanir. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi, einkum á mennta- og fræðasviði. Fjöldi kennslustofa eru í húsinu fyrir fjarkennslu á háskólastigi, framhaldsfræðslu fullorðinna, tómstundanámskeið og fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks. Þar eru einnig fjöldi skrifstofa, en hluti þeirra er leigður til ýmissa stofnana og einherja.

2.6 Samstarfsvettvangur um eflingu háskólastarfs og þekkingarsetra

Háskólafélag Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands er einkahlutafélag í eigu sveitarfélaganna á Suðurlandi. Háskólafélagið vill efla háskólamenntun, rannsóknir og nýsköpun á Suðurlandi, auka búsetugæði og styrkja efnahag þar með uppbyggingu þekkingarsamfélags. Háskólafélag Suðurlands stefnir að því að vera með dreifða starfsemi sem nær um allt Suðurland og nýta kosti og möguleika upplýsingatækninnar í því skyni að byggja upp lífvænlegt þekkingarsamfélag á Suðurlandi öllu.

2.7 Ýmsir aðrir aðilar í rannsóknum, fræðum og vísindum

Eftirfarandi listi er alls ekki tæmandi, en gefur samt góða mynd af fjölbreyttu starfi ólíkra stofnana um allt Suðurland.

- Vatnajökulspjóðgarður.
- Katla – jarðvangur.
- Minjastofnun Íslands, Selfossi.
- Matís Flúðum, Höfn, Vestmannaeyjum.
- Sesseljuhús, Sólheimum í Grímsnesi.
- Hafrannsóknarstofnun Höfn, Vestmanneyjum.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands Höfn, Vestmanneyjum.
- Matvælastofnun, Selfossi.
- Veiðimálastofnun, Selfossi.
- Skógrækt ríkisins, Gunnarsholti.
- Náttúrustofa Suðurlands, Vestmannaeyjum.
- Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn.
- Umhverfisstofnun, Vestmannaeyjum.
- Söfn, setur og sýningar víða á Suðurlandi.

3. Tillögur og áherslur

Þær tillögur og áherslur sem settar eru hér fram fjalla um samstarf og samhæfingu, kynningu á menntun og gildi hennar, aðgerðir til þess að efla menntun á miðsvæði Suðurlands, leiðir til að hækka menntunarstig og auka virði menntunar og framkvæmd og eftirfylgni. Þær lúta allar að því að efla menntun á Suðurlandi og hækka menntunarstig í landshlutanum.

Þegar SASS er nefnt sem ábyrgðaraðili er gert ráð fyrir að ýmsir aðilar innan samtakanna eða tengdir þeim axli ábyrgð á innleiðingu einstakra tillagna samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra eða stjórnar. T.d.: Stjórn, framkvæmdastjóri, nýr starfsmaður í menntamállum, atvinnuráðgjafar, Menningarráð Suðurlands, Markaðsstofa Suðurlands, skólalþjónusta sveitarfélaganna o.fl. stofnanir.

3.1 Samstarf og samhæfing

1. Byggt verði upp samstarf við aðila atvinnulífsins (fyrirtæki og stéttarfélag) og þeir virkjaðir við þróun og eflingu menntunar á Suðurlandi.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Settur verði á fót samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs, fyrst um sinn með atbeina SASS. Skipaðir verði sex fulltrúar frá helstu stéttarfélögum og sex frá helstu atvinnugreinum á Suðurlandi. Fjórir fulltrúar komi frá Skólalþjónustufélag Suðurlands og allir átta fulltrúar í samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra. Þessi 24 manna hópur komi sér saman um fyrirkomulag samstarfsins sem meðal annars getur falið í sér myndun fámennari undirhópa.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS beri ábyrgð á að kalla hópin saman.</i> |
| Tímasetning | <i>Janúar 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>Fulltrúi SASS boði til fyrsta fundar þar sem nánara fyrirkomulag samstarfsins verði rætt, m.a. hvort SASS vinni áfram með hópnunum.</i> |
| Kostnaður | <i>Aðilar greiði kostnað við fundi sjálfir.</i> |

2. Til verði samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi og samstarfi um framhaldsfræðslu, framhaldsskóla- og háskólamenntun á Suðurlandi markaður rammi.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Framhaldsskólarnir fjórir (Fjölbrotaskóli Suðurlands, Menntaskólinn að Laugarvatni, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu), símenntunarmiðstöðvarnar tvær (Fræðslunet Suðurlands og Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja), háskólasetrin tvö (Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði) og Háskólafélag Suðurlands myndi samstarfsnefndina.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Háskólafélag Suðurlands boði til fyrsta fundar í samráði við SASS.</i> |
| Tímasetning | <i>Janúar 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>Gert er ráð fyrir einum aðila frá hverri stofnun í samstarfsnefndinni (alls 9) en á fundi hennar verði þó hægt að boða fleiri starfsmenn eða fulltrúa eftir viðfangsefni hverju sinni.</i> |
| Kostnaður | <i>Aðilar greiði kostnað við fundi sjálfir.</i> |

3. Stuðlað verði að samræðu og samstarfi milli grunnskólastigs og framhaldsskólastigs á Suðurlandi.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Nú þegar er starfandi samstarfsvettvangur allra grunnskóla á Suðurlandi (Skólastjórafélag Suðurlands). Þegar samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólastrá hefur verið stofnuð er kominn vettvangur til samræðu milli þessara skólastiga. Meðal þeirra þátta sem er eðlilegt að ræða má nefna inntak náms, námsmat og samfellu skólastiga.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólastrá.</i> |
| Tímasetning | <i>Janúar – mars 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>Fulltrúar fyrrnefndra aðila undirbúi sameiginlega fyrsta fund.</i> |
| Kostnaður | <i>Kostnaður greiðist af rekstrarfé einstakra stofnana.</i> |

4. Ársfundir rannsókna og fræða á Suðurlandi.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Boðað verði árlega til sérstakra funda eða þings rannsókna og fræða á Suðurlandi til þess að ræða sameiginleg hagsmunamál aðila og fræðigreina og kynna þær rannsóknir sem unnið er að.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Háskólafélag Suðurlands.</i> |
| Tímasetning | <i>Fyrsta ársþing verði haldið í nóvember 2013.</i> |
| Framkvæmd | <i>Háskólafélag Suðurlands kalli Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði til samstarfs um að undirbúa fyrsta ársþingið.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðili verkefnisins standi straum af sameiginlegum fundakostnaði þessa fyrsta ársþings en þátttakendur greiði annan kostnað sjálfir.</i> |

5. Haldið verði menntaþing (umræðuvettvangur um menntamál) í hverju héraði á Suðurlandi og framboð á menntun kynnt í leiðinni.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Á fimm menntaþingum á Suðurlandi (einu í hverri sýslu auk Vestmannaeyja) verði rætt um menntamál viðkomandi héraðs og leiðir til þess að efla menntun og fræði, meðal annars með samstarfi. Á sama vettvangi verði leitast við að kynna námsframboð á Suðurlandi og möguleika á fjarnámi.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS og einstök sveitarfélög.</i> |
| Tímasetning | <i>Í fyrsta sinn í apríl-maí 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>SASS, í samstarfi við Skólastjórafélag Suðurlands og samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólastrá á Suðurlandi, undirbúi menntaþingin og feli sveitarfélögum á hverju svæði framkvæmd þeirra.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

6. Menntastefna Suðurlands 201 - 2018 verði mótuð í framhaldi af menntaþingum.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Gert er ráð fyrir að á menntaþingum komi fram áherslur einstakra svæða og hugmyndir um samstarf í menntamálum. Í framhaldi verði samin sameiginleg menntastefna fyrir Suðurland í samráði við Skólastjórafélag Suðurlands og samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi og borin undir aðalfund SASS til staðfestingar.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS.</i> |
| Tímasetning | <i>Fyrstu drög að menntastefnu verði tilbúin fyrir aðalfund SASS haustið 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>Starfsmaður SASS stýri vinnu við stefnumótunina.</i> |
| Kostnaður | <i>SASS.</i> |

7. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Iðan-fræðslusetur og sambærilegir aðilar verði nýttir frekar til þess að auka framboð og bæta aðgengi að fræðslu og menntun á Suðurlandi.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Ýmsir öflugir aðilar vinna að menntamálum á landsvísu og bjóða samstarf og þjónustu. Trúlega getur Suðurland nýtt sér þessa starfsemi enn betur en nú er gert til þess að efla og auka framboð á menntun í landshlutanum.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Fræðslunet Suðurlands og Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.</i> |
| Tímasetning | <i>2013 - 2015. Árangur verði metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Símenntunarmiðstöðvarnar skoði sérstaklega þetta samstarf og hvetji aðra aðila til þess að auka það ef hægt er.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

3.2 Kynning á menntun og gildi hennar

1. Unnið verði markvisst að kynningu meðal íbúa Suðurlands á gildi menntunar og menntunarmöguleikum.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | Á fyrirhuguðum upplýsingavef um Suðurland, www.sudurland.is , verði sett upp kynning á menntaleiðum og framboði á fræðslu á Suðurlandi. Þar verði allir fjarnámsmöguleikar á framhaldsskóla- og háskólastigi í landinu einnig kynntir. Markvisst verði stuðlað að jákvæðu viðhorfi íbúa Suðurlands til menntunar og fjölmiðlar virkjaðir sérstaklega í því skyni. |
| Ábyrgðaraðili | Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi í samstarfi við SASS og fleiri. |
| Tímasetning | Fyrir 1. september 2014. |
| Framkvæmd | Safnað verði upplýsingum til birtingar og unnið að kynningu á menntun á annan hátt. |
| Kostnaður | SASS. |

2. Í grunnskólum og framhaldsskólum á Suðurlandi verði markvisst unnið að kynningu og auknum tengslum við atvinnulífið.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | Námsheimsóknir og starfskynningar hafa víða verið við lýði í efri bekkjum grunnskóla. Unnið verði með þessar leiðir áfram til þess að auka kynningu nemenda á atvinnulífinu. Meðal annars verði hugað að því að semja leiðbeiningar til fyrirtækja eða námsefni fyrir nemendur. |
| Ábyrgðaraðili | Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi og Skólastjórafélag Suðurlands. |
| Tímasetning | Fyrir 1. janúar 2015 liggja fyrir tillögur og aðgerðaáætlun. |
| Framkvæmd | Á Samráðsvettvangi menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi verði verkefnið rætt og útfært og samstarfs leitað við grunnskóla og atvinnulíf. |
| Kostnaður | Ábyrgðaraðilar standi straum af kostnaði eða leiti stuðnings annarra við það. |

3.3 Aðgerðir til þess að efla menntun á miðsvæði Suðurlands

Hér er miðað við að mörk miðsvæðis Suðurlands séu Markarfljót í vestri og Kolgríma í austri.

1. Í kjölfar menntaþinga í héruðum verði farið yfir kosti og galla við að stofnsetja námsver fyrir framhaldsskólastig á þeim þéttbýlisstöðum sem fjærst liggja framhaldsskólum á Suðurlandi.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Einnig verði skoðað hvort hægt sé að bjóða upp á blöndu af staðarnámi og fjarnámi (dreifnám). Horft verði sérstaklega til félagslegra þátta, kostnaðar við stofnun og rekstur námsvera og kostnaðar sem hlýst af því að stunda nám fjarri heimili.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi í samstarfi við SASS og fleiri.</i> |
| Tímasetning | <i>Sumarið 2014 liggja fyrir ákvörðun, með fyrirvara um fjármögnun.</i> |
| Framkvæmd | <i>Á grundvelli niðurstöðu menntaþinga héraðanna verði verkefnið tekið til skoðunar og ákvörðunar. Niðurstaða liggja tímanlega fyrir svo skólar, foreldrar og nemendur geti gert viðeigandi ráðstafanir fyrir skólaárið 2014-2015.</i> |
| Kostnaður | <i>SASS.</i> |

2. Ýtt verði undir það að Sunnlendingar sækja nám á háskólastigi í auknu mæli, ekki síst íbúar á miðsvæðinu.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Meðal almennra aðgerða sem hægt er að nota til þess að hvetja fólk til háskólanáms má nefna að boðið sé upp á góða fjarnámsaðstöðu sem víðast, kynningu á námsframboði, öfluga og aðgengilega faglega aðstoð og að tryggja gott netsamband.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi í samstarfi við SASS og fleiri.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2015. Árangur verði metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Farið verði yfir raunhæfar aðgerðir og úrbætur í einstökum þáttum og sérstakt átak gert í kynningu á háskólamenntun.</i> |
| Kostnaður | <i>Á grundvelli aðgerðaáætlunar verði unnin fjárhagsáætlun sem lögð verði fyrir SASS.</i> |

3. Stutt verði við starfsemi og stofnun þekkingarsetra á Suðurlandi, ekki síst á miðsvæðinu.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Víða hafa verið stofnuð þekkingarsetur á Suðurlandi sem hýsa fjölbreytta starfsemi stofnana og fyrirtækja. Má þar nefna Nýheima, Kirkjubæjarstofu, Kötlusetur, Fjölheima og Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Þekkingarsetrin virka eins og segull á fleiri störf og tækifæri og eru eða geta orðið kjölfesta byggðarlaga varðandi menntun, rannsóknir og fræði. Því er mikilvægt að styðja við starfsemi þeirra meðal annars með því að treysta starfsstöðvar SASS, Fræðslunets Suðurlands, Háskólafélags Suðurlands og fleiri stoðstofnana í tengslum við setrin.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2015.</i> |
| Framkvæmd | <i>Í viðræðum við stjórnvöld og í eigin áætlunum um starfsemi og uppbyggingu hafi SASS og aðrar stofnanir sveitarfélaga á Suðurlandi í huga að nýta og efla starfsemi þekkingarsetra.</i> |
| Kostnaður | <i>SASS.</i> |

4. Fræðslustofnanir verði hvattar til þess að vinna að eflingu menntunar á miðsvæði Suðurlands.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Meðal annars verði lögð áhersla á fleiri almenn námskeið (um menningu, afþreyingu og tómstundir) í fjarnámi eða í staðarnámi.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>Þessa átaks sjái merki strax á vorönn 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>Þetta verði gert meðal annars með því að bjóða fleiri staðar- og fjarnámskeið, bæta uppbyggingu á náms- og kennsluáðstöðu, standa fyrir öflugri kynningu og slaka á kröfum um fjölda þátttakenda.</i> |
| Kostnaður | <i>Aðilar standi straum af kostnaði eða leiti stuðnings annarra við það.</i> |

5. Litið verði á rannsóknna-, menningar- og fræðastofnanir sem nú þegar starfa á Suðurlandi sem farveg til þess að fjölga störfum og tækifærum fyrir faglært fólk, ekki síst á miðsvæðinu.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <p>Nú þegar eru margar rannsóknna-, menningar- og fræðastofnanir starfandi á Suðurlandi og mikilvægt er að treysta grundvöll þeirra til þess að sækja fram og fjölga tækifærum fyrir menntað fólk. Hér má nefna eftirfarandi stofnanir:</p> <p>Vatnajökulspjóðgarð. Kötlu – jarðvang. Landgræðsluna. Minjastofnun Íslands. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Matís. Hafrannsóknarstofnun. Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Skógræktina/Suðurlandsskóga. Náttúrustofu Suðausturlands. Náttúrustofu Suðurlands. Umhverfisstofnun. Söfn, setur og sýningar.</p> |
| Ábyrgðaraðili | SASS. |
| Tímasetning | Verkefnið og árangur þess verði metinn eigi síðar en 1. september ár hvert. |
| Framkvæmd | Óskað verði eftir upplýsingum um áform þessara stofnana um starfsemi og uppbyggingu á miðsvæði Suðurlands. Í viðræðum SASS við ríkisvaldið verði lögð áhersla á starfsemi þessara stofnana á Suðurlandi. |
| Kostnaður | SASS. |

3.4 Leiðir til að hækka menntunarstig og auka virði menntunar

1. Á samráðsvettvangi menntunar og atvinnulífs verði unnið sérstaklega að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir ungt menntað fólk á Suðurlandi.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Fyrirtæki og stofnanir verði meðal annars hvött til að gefa menntun aukið vægi við ráðningu á fólki.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS og Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2015. Árangur metinn reglulega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Á grundvelli umræðu um þetta markmið verði tekin ákvörðun um hvort það skuli skilgreint sem sérstakt verkefni.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

2. Aukin áhersla verði á starfsnám og verknám á Suðurlandi, ekki síst í tengslum við eflingu nýsköpunar.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Ýmsar aðrar leiðir verði einnig skoðaðar til þess að efla einstaklinga við að skapa sér störf og ný tækifæri.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS og Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2015. Árangur metinn reglulega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Ræddar verði allar leiðir til þess að fjölga nemendum í starfsnámi og verknámi, ekki síst í námi sem tengist helstu atvinnugreinum á Suðurlandi.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

3. Menntun í listgreinum og hönnun á Suðurlandi verði efl.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Ýmsar listgreinar og hönnun eru meðal vaxtarbrodda atvinnulífs. Hlúa þarf betur að menntun í þessum greinum.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS og Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi í samstarfi við starfandi aðila í þessum greinum.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2015. Árangur metinn reglulega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Ræddar verði allar leiðir til þess að efla menntun í listgreinum og hönnun, ekki síst í tengslum við fjölbreytta menningar- og listastarfsemi á Suðurlandi í dag.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

4. Jákvæðum áhrifum framboðs á fjarnámi á Suðurlandi verði haldið á lofti í baráttu fyrir aukinni fjölbreytni og betra aðgengi að háskólanámi í gegnum fjarnám.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Dæmi um þetta er hærra hlutfall menntaðra kennara og auðveldari mönnun heilbrigðisþjónustu. Einnig er rétt að hampa því sem vel hefur tekist til við að þróa sérhæft nám í samstarfi við fyrirtæki og innan þeirra.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS og Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2016. Árangur verði metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Frásögnum og beinum jákvæðum dæmum verði safnað saman og komið á framfæri samhliða baráttu fyrir auknu framboði menntunar í fjarnámi.</i> |
| Kostnaður | <i>SASS.</i> |

5. Unnið verði að því á Suðurlandi að færa ýmis konar fræðslu inn í fyrirtæki og vinnustaði og bjóða starfsfólki upp á nám í þágu starfsins á vinnutíma.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Þeir sem eru í forsvari fyrir fyrirtæki á Suðurlandi virðast hafa áhuga á að fá menntun og fræðslu starfsfólks flutta inn í fyrirtækin. Almennur áhugi er einnig á því meðal starfsfólks fyrirtækja og stofnana að sækja sér fræðslu á vinnustaðnum og í vinnutíma en ekki utan hans.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2016. Árangur metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Rætt verði hvernig hægt sé að koma menntun og fræðslu í þágu atvinnulífs í auknum mæli fyrir innan vinnutíma starfsfólks.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

6. Áhersla verði lögð á sérhæfð námskeið fyrir atvinnulíf á Suðurlandi, þróuð í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Almennur áhugi er á því meðal fyrirtækja og stofnana að geta boðið starfsfólki upp á sérhæfða fræðslu sem tengist viðkomandi atvinnugrein, þjónustutegund eða fyrirtæki.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2016. Árangur metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Skóðað verði hvernig hægt sé að bjóða sérhæfð námskeið, stutt og löng, fyrir einstakar greinar atvinnulífs.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

7. Í ljósi mikilvægis ferðaþjónustu og matvælavinnslu (þ.m.t. sjávarútvegs og landbúnaðar) á Suðurlandi verði sérstaklega hugað að menntun í þeim atvinnugreinum.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Almennur vilji er fyrir því meðal almennings og atvinnulífs að byggja upp menntun í þessum greinum á Suðurlandi. Áform eru uppi um að fara að bjóða upp á slíka menntun hjá FSu og HfSu en ástæða er til að fara vel yfir verkefnið í víðu samhengi. Mikil vöntun á sérhæfðu starfsfólki er í ýmsum greinum ferðaþjónustu og matvælavinnslu og fáir nemendur af Suðurlandi virðast leggja stund á nám í þeim.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2016. Árangur metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Skoðað verði hvernig hægt sé að byggja upp hagnýtt nám fyrir ferðaþjónustu og matvælavinnslu í samstarfi atvinnulífs og menntastofnana.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

8. Úttekt verði gerð á ástandi nettenginga á Suðurlandi og átaki hrundið af stað til þess að bæta þær þar sem þörf er á.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Víða á Suðurlandi, ekki síst í dreifbýli, eru nettengingar óviðunandi. Hægt netsamband torveldar fjarnám, eðlilega uppbyggingu atvinnustarfsemi og marga þætti nútímasamskipta.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS.</i> |
| Tímasetning | <i>Úttekt verði lokið fyrir 1. janúar 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>SASS standi fyrir úttektinni eða ráði aðila til þess.</i> |
| Kostnaður | <i>SASS.</i> |

9. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga setji baráttu fyrir auknu framboði á fjarnámi á háskólastigi á dagskrá landshlutasamtaka sveitarfélaga.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Samtökin óski eftir formlegum viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneyti, Háskóla Íslands og aðra aðila um verkefnið. Rætt verði hvort eigi að skilyrða fjárveitingar til háskóla og annarra aðila sem eiga að sinna fræðslu á landsvísu því, að þeir bjóði upp á fjarnám.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS og Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>Fyrir 1. desember 2013.</i> |
| Framkvæmd | <i>Framkvæmdastjóri og formaður SASS beri formlega tillögu um verkefnið fram á næsta sameiginlega fundi landshlutasamtakanna.</i> |
| Kostnaður | <i>SASS.</i> |

10. Tækninýjungar sem bjóðast í skólakerfinu verði nýttar og leitað leiða til að mennta einstaklinga á Suðurlandi með góða fjarskipta- og tæknifærni.

| | |
|----------------------|---|
| Nánari lýsing | <i>Mikilvægi þess að einstaklingar tileinki sér almennar fjarskipta- og tækninýjungar og verði sjálfbjarga í þeim efnum skal ekki vanmeta sem lið í því að efla menntunarstig Sunnlendinga.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>Samstarfsnefnd framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskólasetra á Suðurlandi í samstarfi við Skólalastjórafélag Suðurlands.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2016. Árangur metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>Skoðað verði hvernig hægt sé að innleiða nýjungar og koma þeim á framfæri við ólíka hópa.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

11. Íbúar Suðurlands taki höndum saman um að standa vörð um framhaldsskólana og efla þá með öllum ráðum.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Ljóst er hverjum íbúa Suðurlands að framhaldsskólarnir fjórir eru meðal mikilvægustu stofnana landshlutans. Þrengt hefur verið að starfsemi framhaldsskólanna í landinu að undanfögnu. Því er mikilvægt að aðstandendur sunnlensku skólanna hafi það hugfast að óbreytt starfsemi þeirra er ekki sjálfgefín. Það þarf að standa vörð um framhaldsskólana og efla hag þeirra og þrótt.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS og Samráðsvettvangur menntunar og atvinnulífs á Suðurlandi.</i> |
| Tímasetning | <i>2014 - 2016. Árangur metinn árlega.</i> |
| Framkvæmd | <i>SASS afli reglulega upplýsinga um rekstur framhaldsskólanna og meti þörf á aðgerðum í samráði við aðila.</i> |
| Kostnaður | <i>Ábyrgðaraðilar verkefnisins standi straum af hugsanlegum kostnaði.</i> |

3.5. Framkvæmd og eftirfylgni

Lagt er til í þessu verkefni að SASS ráði sérstakan starfsmann til þess að vinna að samstarfi og eflingu menntunar á Suðurlandi á næstu árum.

Eðlilegt er að í verkahring þessa nýja starfsmanns verði að fylgja eftir einstökum tillögum verkefnisins eða sjá til þess að þær fari í þann farveg sem lagt er til hverju sinni.

Jafnframt er eðlilegt að stjórn SASS kalli eftir yfirliti á hverju ári um það hvernig einstökum verkefnum miðar og grípi til viðeigandi ráðstafana ef hægar gengur en ætlast er til.

1. Menntamál á Suðurlandi verði skilgreind sem sérstakt átaksverkefni hjá SASS og viðurkennd sem raunverulegt byggðamálefni.

| | |
|----------------------|--|
| Nánari lýsing | <i>Ráðinn verði verkefnisstjóri að verkefninu. Rætt verði hvort hluti af árlegum verkefnastyrkjum SASS verði eyrnamerkir eflingu menntunar á Suðurlandi.</i> |
| Ábyrgðaraðili | <i>SASS.</i> |
| Tímasetning | <i>Verkefnið hefst með ráðningu verkefnisstjóra 1. janúar 2014.</i> |
| Framkvæmd | <i>SASS í samstarfi við ýmsa aðila.</i> |
| Kostnaður | <i>SASS.</i> |

4. Fylgiskjöl

I. Samandregnar áherslur funda

Til þess að komast nær því hverjar væru væntingar og þarfir atvinnulífs og íbúa einstakra byggðarlaga til menntunar var komið á fundum með rýnihópum á fimm stöðum. Hóparnir voru skipaðir fólki úr atvinnulífi, stjórnslu sveitarfélaga og fleiri áttum. Einnig áttu almennir íbúar fulltrúa sína í hópunum. Fundirnir voru haldnir sem hér segir:

- Vík í Mýrdal 5. júní (9 þátttakendur).
- Kirkjubæjarklaustri 5. júní (12 þátttakendur).
- Hvolsvelli 26. ágúst (7 þátttakendur).
- Vestmannaeyjum 29. ágúst (8 þátttakendur).
- Höfn í Hornafirði 5. september (14 þátttakendur).

Á fundunum komu fram fjölmargar ábendingar sem nýttar hafa verið í tillögum í þessu verkefni. Á sama hátt hefur umræða á fundum verkefnisstjórnar verkefnisins haft áhrif á ýmis atriði svo og áherslur og ábendingar sem komu fram á samráðsfundum með fulltrúum framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva, háskólasetra og annarra aðila 5. júní og 19. september. Þá hefur verið farið yfir umræðu og erindi á tveimur fundum um menntamál á Suðurlandi og áherslur á þeim að einhverju leyti færðar inn í skýrsluna. Hér er um að ræða menntaþing SASS sem haldið var í Gunnarsholti 4. mars 2011 og fund mennta- og menningarmálaráðuneytisins á Hótel Rangá 15. febrúar 2012 undir yfirskriftinni Starfsmenntun – hvert skal stefna?

Í þessum kafla hefur umræða á öllum þessum fundum verið dregin saman í nokkra þætti.

Nám á grunnskólastigi

Grunnskólinn tekur stöðugum breytingum eins og aðrir hlutar skólakerfisins. Mikilvægt er að grunnskólastigið sé opið fyrir nýjungum á sviði kennslutækni og upplýsingamála og fái að þróast í takt við þarfir fólksins í stað þess að standa vörð um stofnanirnar. Vitnað var í danskan grunnskóla þar sem nemendur gátu stundað námið að einhverju leyti heiman frá sér, fylgst með á netinu. Gæti það verið valkostur í mesta strjálbýlinu á Suðurlandi? Sveitarfélög hafa víða verið að sameinast og þá eru gjarnan gerðar breytingar á skipulagi grunnskóla. Þær breytingar hafa oft á tíðum miðað að því að tryggja öllum nemendum sem jafnastan aðgang að fjölbreyttu námi, félagslífi og fleiri þáttum sem fámennari skólar eiga erfiðara með að bjóða.

Rætt var um að gera mætti meira af því að kynna atvinnulíf og byggðarlag fyrir nemendum í efri bekkjum grunnskóla. Víða er góð reynsla af starfskynningu nemenda í fyrirtækjum en það fyrirkomulag mætti þó nýta á markvissari hátt, meðal annars með því að skilgreina fræðsluhlutverk fyrirtækjanna betur. Áhugi fyrirtækja er víðast til staðar. Ný námskrá fyrir

grunnskóla kann að gefa svigrúm fyrir slíkt. Markviss fræðsla um byggðarlag, atvinnuhætti og mannlíf getur haft jákvæð áhrif á viðhorf ungs fólks til búsetu og vals á menntun.

Sveitarfélög móta flest skóla- og fjölskyldustefnu reglulega. Þar má ræða hvort hægt sé að tengja betur atvinnulíf og kennsluhætti í grunnskólum. Víða geta nemendur í efstu bekkjum grunnskóla lokið einingum á framhaldsskólastigi. Með því er m.a. verið að stuðla að færri hindrunum milli skólastiga.

Nám á framhaldsskólastigi

Á fundum á þeim stöðum þar sem ekki er framhaldsskóli var nokkuð rætt um að unglingar vildu sjálfir fara að heiman til þess að sækja framhaldsskóla. Þetta viðhorf er hverfandi á Hornafirði og í Vestmannaeyjum þar sem framhaldsskólarnir eru taldir með mikilvægustu stofnunum byggðarlagsins.

Aðgengi að framhaldsskólanámi á Suðurlandi er afar misjafnt. Vegalengdir milli FSu og FAS eru nær 400 km og því gefur auga leið að á stórum hluta þess svæðis er ekki raunhæft fyrir fólk að sækja skóla daglega heiman frá sér. Nokkur umræða var um að koma þyrfti á námsverum í þeim byggðarlögum sem lengst eiga að sækja, Kirkjubæjarklaustri, Vík og Hvolsvelli. Rætt var um hvaða skyldur starfandi framhaldsskólar á Suðurlandi hefðu gagnvart þessum byggðarlögum. Það að kosta ungmenni til náms fjarri heimili sínu er mörgum fjölskyldum ofviða og veldur augljósum aðstöðumun í landinu. Mörg dæmi eru um að fjölskyldur flytji brott úr dreifbýli þegar ungmenni þurfa að fara til náms. Námsver gætu líka hentað þeim sem hafa fallið brott úr námi svo og fullorðnu fólki. Ef til vill mætti fara einhvern milliveg; skólasókn í 2-3 daga í viku en námi sinnt að heiman þess á milli. Með því væri líka verið að tryggja félagslega þáttinn sem fjarnám gerir ekki. Næst besti kosturinn á eftir stofnun námsvera væri að styðja fjölskyldur betur fjárhagslega við að kosta ungmenni til náms fjarri heimabyggð.

Vakin var athygli á því á mörgum fundanna að lítið sem ekkert framboð væri á menntun sem tengdist aðalatvinnugreinum landshlutans, svo sem landbúnaði, ferðaþjónustu og matvælavinnslu. Skortur væri á fagmenntuðu starfsfólki í öllum þessum atvinnugreinum og því væri æskilegt að leggja meiri áherslu á starfs- og fagmenntun innan framhaldsskólakerfisins en gert er í dag. Fullyrt var að núverandi kerfi iðnmenntunar í mörgum greinum væri gengið sér til húðar og þyrfti uppstokkunar við.

Samstarf milli framhaldsskólanna fjögurra á Suðurlandi hefur ekki verið upp á marga fiska og voru ýmsar ástæður þess raktar á fundunum. Niðurstaða þeirrar umræðu er ótvírætt sú að með meira samstarfi skólanna sé hægt að auka þjónustu við nemendur, fjölbreytni námsframboðs og bæta aðstöðu. Fjarnámsmöguleikar frá þessum skólum og öðrum menntastofnunum á framhaldsskólastigi er hægt að bæta til mikilla muna og til hagsbóta fyrir þá einstaklinga sem ekki hafa aðgang að framhaldsskóla í heimabyggð.

Nám á háskólastigi

Það er ekki mikið framboð á háskólanámi í fjarnámi á Íslandi í dag. Háskólarnir á Bifröst, Hólum og Akureyri bjóða upp á nokkrar námsgreinar í fjarnámi en Háskóli Íslands stendur sig ekki eins vel. Aðeins menntavísindasvið HÍ (áður KHÍ) sinnir fjarnámi að einhverju marki. Það þarf að berjast fyrir auknu aðgengi að háskólanámi í fjarnámi. Dæmi um jákvæðar afleiðingar er hvað það er auðveldara að manna heilbrigðisþjónustu með menntuðu fólki þar sem nám í hjúkrunarfræði og til sjúkraliða hefur staðið til boða. Annað dæmi er aukið hlutfall menntaðra kennara víða um land. Í þessu sambandi var þó varað við því að beina konum of mikið í „mjúk störf“ með einhæfu framboði á fjarnámi.

Aðstaða til háskólanáms í einstökum byggðarlögum á tvímælalaust að vera til húsa í þekkingarsetrum staðanna. Þessi setur hýsa oft margvíslega aðra starfsemi sem gagnlegt er að vera innan um.

Stofnanir og fyrirtæki á Suðurlandi mættu gera meira af því að kynna starfsemi sína og hvetja þannig fólk til þess að sækja sér menntun t.d. á sviði matvælafræði, landgræðslu o.fl. sérgreina svæðisins. Þá ættu opinberir aðilar að gera búsetu á svæðinu að skilyrði fyrir ráðningu í störf eða kaupum á þjónustu.

Rannsóknir og fræði

Ýmsar rannsókn- og vísindastofnanir eru með starfsemi á Suðurlandi. Umfang og mikilvægi þessarar starfsemi er oft vanmetin. Á fámennum stað eins og Kirkjubæjarklaustri væri byggðarlagið mun ótraustara ef slík starfsemi væri ekki til staðar. Í Kirkjubæjarstofu eru níu störf í dag. Verkefni eins og Vatnajökulspjóðgarður og Katla – jarðvangur eru smám saman að verða mjög öflug fyrir miðsvæði Suðurlands. Með tilkomu þeirra, betri aðstöðu fyrir vísindamenn og listamenn og fjölbreyttari störfum er ungu, háskólamenntuðu fólki gert auðveldara að snúa heim að loknu námi.

Kynning og hugarfar

Kynning á framboði menntunar mætti almennt vera betri og markvissari að mati fólks. Það þarf líka að halda námsframboði að fólki og tala fyrir mikilvægi menntunar. Tölvufælni hjá fullorðnu fólki er oft hindrun en viðhorf samfélagsins hjálpar heldur ekki til því víða er það ekki nógu jákvætt. Það þarf að hvetja til menntunar og auka jákvæða umræðu og hugarfar. Fá fólk til þess að sækja sér einhverja fræðslu, það enda margir í formlegu námi sem komast yfir þröskuldinn á annað borð.

Forsvarsmenn fyrirtækja bera mikla ábyrgð á þróun samfélaga. Víða úti á landi eru gerðar minni kröfur um menntun en í sambærilegum störfum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þarf að breytast. Landsbyggðin má ekki hafa minnimáttarkennd þegar kemur að gildi menntunar. En hugarfarsbreyting þarf einnig að eiga sér stað gagnvart menntun á landsbyggðinni innan menntamálaráðuneytisins.

Aðgengi og aðstaða

Til þess að hægt sé að stunda fjarnám á ýmsum stigum þarf lágmarks aðstaða að vera til staðar. Gott netsamband er þar efst á blaði. Dreifbýli Íslands er illa netvætt. Sameiginleg aðstaða fjarnámsnema er einnig mikilvæg. Þar þarf að vera hægt að fá ráðgjöf og aðstoð, aðgang að fjarfundabúnaði og annarri tækni en ekki síst að komast í hvetjandi samfélag mennta og fræða.

Fjarfundabúnaður er víða í góðu lagi úti á landi en erfiðara hefur verið að fá aðila á hinum endanum (þ.e. á höfuðborgarsvæðinu) til þess að nota nota slíkan búnað. Fagnað er ráðningu nýs starfsmanns við símenntun á miðsvæðinu.

Þekkingarsetur hafa verið stofnuð á mörgum stöðum og hugmyndir eru uppi um þau víðar. Þar sem vel hefur tekist til hafa setrin reynst kjölfesta fyrir menntun og rannsóknir og dregið að sér ýmis konar starfsemi sem annars hefði átt erfitt uppdráttar. Það þarf að hlúa betur að þessu þekkingarsamfélagi og búa því skilyrði til vaxtar.

Af hindrunum sem fólk upplifir varðandi aðgengi að námi má nefna of þröng fjöldamörk á námskeið sem koma gjarnan í veg fyrir að þau séu haldin á fámennari stöðum. Fræðslunet Suðurlands hefur þó stundum brúað aukakostnað til þess að geta haldið námskeið með fáum þátttakendum.

Samstarf

Það er lykilatriði að vinna saman. Samstarf varðandi fjarnám og fræðslumál almennt hefur ekki verið öflugt á Suðurlandi. Þar eru hindranir eins og samgöngur, fjarlægðir, tæknin (fjarfundabúnaður og kunnáttuleysi kennara gagnvart honum og kennslutækni gegnum hann), skortur á vilja, jafnvel einstakar stofnanir eða forstöðumenn. Þegar minnst er á samstarf fara menn oft ósjálfrátt í vörn, hver passar upp á sitt. Menn eru hræddir um að samstarfið leiði til þess að eitthvað sé tekið af þeim.

Lífsgæði og búseta

Íbúar Suðurlands búa almennt við gott atvinnuástand og stundum hafa þeir e.t.v. sofnað á verðinum og gleymt að standa vörð um einstök störf eða fyrirtæki. Í mörgum atvinnugreinum er vinnudagurinn langur og árstíðarbundnar skorpur skapa mikið vinnuálag. Það gæti að einhverju leyti minnkað áhuga eða þrek fólks til að fara í nám með vinnu. Almennt launafólk er ekki áhugasamt um að sækja námskeið eftir að vinnutíma lýkur og þegar þau eru ekki launahvetjandi.

Gott framboð afþreyingar og fjölbreytni í menningarstarfi bætir lífsgæði fólks. Almenn tólmstunda- og fræðslunámskeið eru því mjög mikilvæg í hverju byggðarlagi. Fjölbreytt námsframboð af öllu tagi, á staðnum eða í fjarnámi, er því grundvallaratriði.

Hver staður á sína möguleika til þess að sækja fram. Þeir eru misjafnlega vel nýttir en með aukinni áherslu á menntun og rannsóknir eiga öll byggðarlög sín sóknarfæri. Fjarskipti, framboð á fjarnámi og bættar samgöngur eru lykilþættir í frekari menntun fólks í dreifbýli.

Atvinnulíf. Hlutverk og tækifæri

Það fækkar alltaf störfum fyrir þá sem hafa einungis grunnskólamenntun. Ungt fólk sækir flest í framhaldsnám að loknum grunnskóla og því þarf atvinnulífið að bregðast við því með því að bjóða upp á meira val og fleiri tækifæri. Ýmsir segja að það þurfi að flytja ábyrgð og stjórnun á framhaldsfræðslu úr menntakerfinu inn í fyrirtækin og gera fyrirtækjum kleift að móta menntun með sínar þarfir í huga. Allar atvinnugreinar hafa þörf fyrir aukna menntun starfsfólks og fólkíð sjálft er áhugasamt um að auka kunnáttu sína og færni á ýmsum sviðum.

Ferðapjónusta hefur vaxið hvað hraðast af atvinnugreinum í landinu að undanfögnu. Ekki síst á Suðurlandi. Því kemur ekki á óvart að ýmislegt megi bæta þar og nýta fjölmörg sóknarfæri sem enn eru til staðar. Hingað til hefur þátttaka í námskeiðum sem tengjast ferðapjónustu verið dræm en með fjölgun fastra heilsársstarfa í greininni er ekki ólíklegt að hún verði duglegri við að nýta sér ýmis konar fræðslu og endurmenntun. Leggja þarf áherslu á grunnþætti eins og tungumálakunnáttu, fræðslu um þjónustulund og nærumhverfi auk þess sem ótal möguleikar í matar- og sögutengdri ferðapjónustu blasa við.

Fjölbreytt matvælaframleiðsla er eitt aðal sérkenni í atvinnuháttum Suðurlands. Kynning og sala á mati úr héraði helst vel í hendur við áherslur í ferðapjónustu og staðbundin verkefni á borð við Vatnajökulsþjóðgarð og Kötlu – jarðvang. Með samhentu átaki þyrfti að vinna enn meira með möguleika matvælavinnslu til sjávar og sveita.

Sjávarútvegurinn hefur í auknu mæli verið að ráða menntað fólk, t.d. í vöruþróun og markaðsmál. Sérhæfing í fiskvinnslustöðvum er að aukast, það kallar á faglært fólk. Sama má segja um landbúnað og garðyrkju. Örar breytingar og nýjungar kalla á viðbótarmenntun í ýmsum greinum. Helst vantar sérsniðið nám vegna ýmissa nýjunga og breytinga líkt og í öðrum atvinnugreinum.

II. Fjárveitingar og samanburður milli landshluta

Leitast var við að bera saman fjárveitingar til símenntunarmiðstöðva og háskóla- og þekkingarsetra sem sinna fjarnámi á háskólastigi í einstökum landshlutum. Fjárveitingar af fjárlögum 2013 og frá Fræðslusjóði atvinnulífsins á árinu 2012 liggja hér til grundvallar. Samanburðurinn nær til starfssvæða allra landshlutasamtaka sveitarfélaga nema SSH, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og eru hlutfallstölur reiknaðar út frá íbúafjölda þessara sjö svæða.

Margvíslega fyrirvara þarf að setja um svona samanburð en ljóst er af honum að fyrirkomulag fjárveitinga til símenntunar eru ógagnsætt og tekur mið af öðrum forsendum en íbúafjölda viðkomandi svæða.

| Landshluti/ starfssvæði | Háskóli í landshluta | Stofnun/miðstöð | Símenntun | Náms- og starfsáögjafar | Stuðningur við rannsóknir og þróun | Þjónusta v fjarnám á háskólast. | Mælni innflyjenda | Fjárlög 2013 | Fræðslusjóður atvinnulífsins 2012 | Alls fjárveitingar | Íbúaföldi 1. jan. 2013 | Fjárveitingar á hvern íbúa | Hlutfall af heildar íbúafölda | Hlutfall af heildar fjárveitingu |
|-------------------------|----------------------|---|-----------|-------------------------|------------------------------------|---------------------------------|-------------------|--------------|-----------------------------------|--------------------|------------------------|----------------------------|-------------------------------|----------------------------------|
| Austurland/SSA | NEI | Þekkingarnet Austurlands - Austurbúðir | x | x | x | x | x | 55.100.000 | 31.636.570 | 86.736.570 | | | | |
| | | Fræða- og þekkingarsetur, Vopnafirði | | | | | | 8.600.000 | | 8.600.000 | 12.434 | 7.667 | 10,70% | 12,53% |
| Suðurland/SASS | NEI | Fræðslunet Suðurlands | x | x | | | x | 18.300.000 | 36.266.600 | 54.566.600 | | | | |
| | | Háskólafélag Suðurlands | | | x | x | | 15.100.000 | | 15.100.000 | | | | |
| | | Viðka - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð, Vestm. | x | x | | | x | 21.000.000 | 12.300.000 | 33.300.000 | | | | |
| | | Þekkingarsetur Vestmannaeyja | | | x | x | | 24.600.000 | | 24.600.000 | 23.833 | 5.353 | 20,51% | 16,76% |
| Suðurnes/SSS | NEI | Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum | x | x | | | x | 21.000.000 | 94.513.800 | 115.513.800 | | | | |
| | | Þekkingarsetur Suðurnesja | x | x | | | | 15.600.000 | | 15.600.000 | 21.206 | 6.183 | 18,25% | 17,23% |
| Vesturland/SSV | JÁ | Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi | x | x | | | x | 21.000.000 | 27.230.000 | 48.230.000 | | | | |
| | | Fræðslumiðstöð Vestfirjarða | x | x | | | x | 18.500.000 | 29.462.750 | 47.962.750 | 15.381 | 3.136 | 13,24% | 6,34% |
| | | Háskólastræt Vestfirjarða | | | x | x | | 91.000.000 | | 91.000.000 | | | | |
| Norðurl. v/SSNV | JÁ | Farskólinn - miðst. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarða | x | x | | | x | 29.800.000 | 14.295.000 | 44.095.000 | | | | |
| | | Þekkingarsetrið á Blönduósi | | | x | x | | 18.300.000 | | 18.300.000 | 7.031 | 19.764 | 6,05% | 18,26% |
| Norðurl. e/EYPING | JÁ | SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarða | x | x | | | | 18.500.000 | 86.894.150 | 105.394.150 | | | | |
| | | Þekkingarnet Þingeyinga | x | x | | | x | 37.500.000 | 14.640.000 | 52.140.000 | 29.026 | 5.427 | 24,98% | 20,70% |
| | | | | | | | | | | 157.534.150 | 29.026 | 5.427 | 24,98% | 20,70% |
| | | | | | | | | | | | | | | 100% |

III. Netkönnun um þörf atvinnulífsins á Suðurlandi fyrir menntun

Framkvæmd könnunar

Í tengslum við verkefnið *Efling samstarfs um mennta- og fræðastarf á Suðurlandi* sem SASS stóð fyrir sumarið 2013 í framhaldi af Sóknaráætlun Suðurlands var send út netkönnun til forsvarsmanna fyrirtækja og annarra aðila í atvinnulífi á Suðurlandi.


Könnunin náði til eftirfarandi níu atvinnugreina:

- Verslun og þjónusta.
- Leik- og grunnskólar.
- Sjávarútvegur.
- Menning og skapandi greinar.
- Matvælavinnsla.
- Landbúnaður og garðyrkja.
- Iðnaður, tækni, verktakar.
- Heilbrigðis- og velferðarþjónusta.
- Ferðaþjónusta.

Eftir ýmsum leiðum var rúmlega 900 netföngum þessara aðila safnað og var bæði um að ræða formlega og óformlega netfangalista og misjafnlega mörg netföng úr hverri atvinnugrein. Um 40 þessara netfanga reyndust óvirk. Könnunin var send út 19. ágúst, þrisvar sinnum send formleg áminning og síðasti svardagur var 4. september. Tæplega 400 svör bárust og var fjöldi svara misjafn eftir atvinnugreinum eins og við var að búast. Fæst svör komu við könnun fyrir iðnað, tækni og verktaka og því er úrvinnsla á þeim þætti könnunarinnar ekki birt hér.

Fyrstu fimm spurningar könnunarinnar voru samhljóða fyrir allar atvinnugreinar en svo tóku við 5-7 sértækar spurningar fyrir hverja atvinnugrein. Svörin eru birt á myndrænan hátt og þarfnast ekki frekari skýringa. Áhugavert er að sjá mismunandi áhuga atvinnugreina á ýmsum þáttum menntunar. Sérhæfð námskeið fyrir viðkomandi atvinnugrein virðast þó höfða til flestra svarenda. Niðurstaðan er þó fyrst og fremst sú að forystufólk í atvinnulífi á Suðurlandi telur að þörf sé á aukinni menntun starfsfólks á nokkrum eða öllum sviðum. Sú niðurstaða er einróma hjá öllum atvinnugreinum.

Allar atvinnugreinar




2. Á hvaða stigi menntunar liggur helst þörf atvinnugreinarinnar? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|---------------------------------------|--------|-------|
| Framhaldsskólanám - Bóknám. | 68 | 18,3% |
| Framhaldsskólanám - Starfsnám/iðnnám. | 199 | 53,5% |
| Framhaldsskólanám - Listir. | 39 | 10,5% |
| Háskólanám. | 111 | 29,8% |
| Sérhæfð námskeið. | 281 | 75,5% |
| Almenn námskeið. | 129 | 34,7% |
| Á öðrum stigum. Dæmi: | 15 | 4,0% |

Fjöldi svara: 372**Á öðrum stigum. Dæmi:**

- Búfræði- og kandiðatsnám
- Ferðaþjónusta - afar brýnt
- framhaldsnám á háskólastigi varðandi landbúnað t.d.
- fyrir börn
- hún er á ágætu stigi
- Iðnnám - þjónusta, þrif og matseld
- jafningjafræðsla
- Kennaramenntun
- Listgreinar, vísindi, sjálfbærni
- Meira sérhæft nám

- Mikill skortur er á menntuðu starfsfólki á leikskóla. Þar gæti starfsnám eða blandað með bóknámi verið mikill stuðningur og hvatt ungt fólk til starfa þar
- Raunveruleiki
- smiðjur í grunnskólum sem viðbót eða í staðin fyrir hefðbundna kennslu.
- Tungumál
- þjónustumarkaðsfræði og stjórnun mannauðs (menntun stjórnenda og „goodness of fit“ oft ábótavant sem kemur fram í óánægðu starfsfólki sem skilar sér til kunnans.

Á hvaða stigi menntunar liggur helst þörf atvinnugreinarinnar?

3. Þekkir þú til námsframboðs og þjónustu eftirfarandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Fræðslunets Suðurlands. | 265 | 73,2% |
| Háskólafélags Suðurlands. | 110 | 30,4% |
| Visku – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja. | 29 | 8,0% |
| Þekkingarseturs Vestmannaeyja. | 18 | 5,0% |
| Þekkingarnets Austurlands/Austurbrúar. | 62 | 17,1% |
| Iðunnar – fræðsluseturs. | 35 | 9,7% |
| Starfsmenntar – fræðsluseturs. | 62 | 17,1% |
| Annarra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, hverra: | 49 | 13,5% |


Fjöldi svara: 362

Annarra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, hverra:

- Almennt sem flestir
- Bifröst
- Endurmenntun Háskóla Íslands
- Endurmenntun LBHÍ
- Endurmenntun Tækniskólans
- Engra
- ég þekki það
- Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Mímir Endurmennt..HÍ
- fæ pósta frá ýmsum og einnig á vegum míns félags Ferðapjónustu bænda
- Gerðu betur skólinn
- Gullkistan á Laugarvatni
- Háskóla Íslands
- Háskólinn Reykjavík og Akureyri
- Hí
- Hvanneyri

- Kaupmannsskólinn
- Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri
- LBHÍ
- nei - þekki ekki framboð þessara símenntunarmiðstöðva
- nei, ekki kynnt mér það
- opni háskólinn í Reykjavík
- Promont. Mímir
- rafiðnaðarskólinn
- saf
- Símenntun Landbúnaðarháskóla Íslands
- Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
- Símeý
- Skólaskrifstofa Suðurlands
- Vma
- Þekki ekkert
- Þekki ekkert af þessu.

Þekkir þú til námsframboðs og þjónustu eftirfarandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva?




4. Þekkir þú til starfsemi og þjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins?

| Gildi | Fjöldi | % |
|-------|--------|-------|
| Já | 72 | 19,4% |
| Nei | 299 | 80,6% |

Fjöldi svara: 371

**Þekkir þú til starfsemi og þjónustu
Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins?**



5. Á hvern hátt telur þú að megi helst efla menntunarstig íbúa Suðurlands (sem er talsvert lægra en landsmeðaltal)? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.


| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Með aukinni áherslu á starfsemi framhaldsskólanna. | 122 | 32,9% |
| Með bætту aðgengi að háskólanámi, t.d. gegnum fjarnám. | 221 | 59,6% |
| Með bætту aðgengi að sérhæfðu eða starfstengdu námi. | 257 | 69,3% |
| Með aukinni áherslu á starfsemi símenntunarmiðstöðva. | 150 | 40,4% |
| Með bætту aðgengi að starfsnámi/iðnnámi. | 207 | 55,8% |
| Með aukinni fræðslu, kynningu og umræðu um gildi menntunar. | 142 | 38,3% |
| Með bætту netsambandi, ekki síst í dreifbýli. | 222 | 59,8% |
| Með auknum möguleikum á menntun í fjarnámi. | 240 | 64,7% |
| Með aukinni kynningu á raunfærnimati og bætту aðgengi að því. | 83 | 22,4% |
| Með því að fjölga störfum á Suðurlandi sem krefjast menntunar. | 161 | 43,4% |
| Með öðrum leiðum, hverjum: | 16 | 4,3% |

Fjöldi svara: 371

Með öðrum leiðum, hverjum:

- Auka fjölbreytni t.d. bjóða uppá sérhæfingu og námskeið sem eykur fjölbreytileikann - t.d. varðandi veiðar - hjólréiðar - bakstur eða landbúnaðarafurðir - ísgerð eða pylsugerð eða skyrgerð - í samvinnu við fyrirtækin - nýta þá krafta sem til eru í heimabyggð - Powertalk - kórana og svo framvegis - nýta hugmyndaflugið og umfram allt - ekki láta þetta kosta of mikið - mætti t.d. hafa námskeiðsraðir á menningardögum - sveitadögum og svoleiðis - ekki bara í símenntunartöðinni - vera sýnileg og áhugaverð - auka áhuga á þekkingu og þá um leið opna möguleika fyrir fólk með þekkingu svo fólk sjái tilgang í að mæta á þau :-). Einnig þurfa þau að vera metin til eininga og helst þannig að þau gefi möguleika á launahækkun
- Efla grunnskólamenntun og gera hana einstaklingsmiðaða
- Efla menntun í grunnskólum
- Einnig bjóða upp á kennslu á ensku þar sem talsverð aukning er að verða á erlendu starfsfólki sem vinnur á suðurlandi

- Fjarnám er ekki alltaf lykillinn að góðri menntun því miður.
- Greiða laun svo það menntað fólk vilji búa á suðurlandi
- Hvaðeina, sem eykur á menntunarstig landfjórðungsins er af hinu góða!
- Hvetja ungt fólk til að sækja sér reynslu í sem fjölbreyttustum sumarstörfum
- Með auknu úrvali af raunhæfum námskeiðum til að efla tölfufærni og með raunhæfum verkefnum
- Menntunarstig er ágætt
- Nám fyrir útlandinga víðar í sýslunni
- Niðurgreiðslu námskeiða.
- Raunfærnimat er "in" í dag og það er vel þar sem fólk býr yfir mikilli reynslu og þekkingu og veit varla sjálft hve auðugt það er.
- Staðbundið Háskólanám
- Stofna til fleiri löggiltra iðngreina
- Öflugri náms- og starfsráðgjöf sem styður nemann frá upphafi til enda námsins.

Á hvern hátt telur þú að megi helst efla menntunarstig íbúa Suðurlands (sem er talsvert lægra en landsmeðaltal)?


Verslun og þjónusta

1. Telur þú að atvinnugreinin þurfi á aukinni menntun starfsfólks að halda?

| Gildi | Fjöldi | % |
|----------------------|--------|-------|
| Já, á öllum sviðum | 3 | 27,3% |
| Já, á nokkrum sviðum | 8 | 72,7% |
| Nei | 0 | 0,0% |

Fjöldi svara: 11

Telur þú að atvinnugreinin þurfi á aukinni menntun starfsfólks að halda?




2. Á hvaða stigi menntunar liggur helst þörf atvinnugreinarinnar? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|---------------------------------------|--------|-------|
| Framhaldsskólanám - Bóknám. | 1 | 9.1% |
| Framhaldsskólanám - Starfsnám/iðnnám. | 6 | 54.6% |
| Framhaldsskólanám - Listir. | 2 | 18.2% |
| Háskólanám. | 0 | 0.0% |
| Sérhæfð námskeið. | 9 | 81.8% |
| Almenn námskeið. | 2 | 18.2% |
| Á öðrum stigum. Dæmi: | 0 | 0.0% |

Fjöldi svara: 11

Á hvaða stigi menntunar liggur helst þörf atvinnugreinarinnar?




3. Þekkir þú til námsframboðs og þjónustu eftirfarandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Fræðslunets Suðurlands. | 5 | 45.5% |
| Háskólafélags Suðurlands. | 3 | 27.3% |
| Visku – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja. | 3 | 27.3% |
| Þekkingarseturs Vestmannaeyja. | 1 | 9.1% |
| Þekkingarnets Austurlands/Austurbrúar. | 1 | 9.1% |
| Iðunnar – fræðsluseturs. | 1 | 9.1% |
| Starfsmenntar – fræðsluseturs. | 1 | 9.1% |
| Annarra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, hverra: | 3 | 27.3% |

Fjöldi svara: 11


Annarra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, hverra:

- Bifröst
- Kaupmannsskólinn
- Nei

Þekkir þú til námsframboðs og þjónustu eftirfarandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva?**4. Þekkir þú til starfsemi og þjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins?**

| Gildi | Fjöldi | % |
|-------|--------|-------|
| Já | 2 | 18,2% |
| Nei | 9 | 81,8% |


Fjöldi svara: 11

Þekkir þú til starfsemi og þjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins?

5. Á hvern hátt telur þú að megi helst efla menntunarstig íbúa Suðurlands (sem er talsvert lægra en landsmeðaltal)? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Með aukinni áherslu á starfsemi framhaldsskólanna. | 4 | 36.4% |
| Með bætту aðgengi að háskólanámi, t.d. gegnum fjarnám. | 6 | 54.6% |
| Með bætту aðgengi að sérhæfðu eða starfstengdu námi. | 8 | 72.7% |
| Með aukinni áherslu á starfsemi símenntunarmiðstöðva. | 2 | 18.2% |
| Með bætту aðgengi að starfsnámi/iðnnámi. | 5 | 45.5% |
| Með aukinni fræðslu, kynningu og umræðu um gildi menntunar. | 2 | 18.2% |
| Með bætту netsambandi, ekki síst í dreifbýli. | 5 | 45.5% |
| Með auknum möguleikum á menntun í fjarnámi. | 8 | 72.7% |
| Með aukinni kynningu á raunfærnimati og bætту aðgengi að því. | 4 | 36.4% |
| Með því að fjölga störfum á Suðurlandi sem krefjast menntunar. | 5 | 45.5% |
| Með öðrum leiðum, hverjum: | 0 | 0.0% |

Fjöldi svara: 11


Á hvern hátt telur þú að megi helst efla menntunarstig íbúa Suðurlands (sem er talsvert lægra en landsmeðaltal)?

6. Telur þú að einhver neðangreind námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast fyrirtækinu yrðu þær kenndar hjá Fræðsluneti Suðurlands eða Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|---|--------|-------|
| Skrifstofuskólinn. (240 kennslustundir). Ætlað fólki á vinnumarkaði sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. | 4 | 36.4% |
| Verslunarfagnám. Starfstengt nám sem fer fram bæði í skóla og á vinnustað. Það skiptist í 510 kennslustunda skólanám og 340 klukkustunda vinnustaðanám (samtsals 1020 kennslustundir). Ætlað starfandi verslunarfólk sem sinnir almennum störfum í verslunum, sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. | 9 | 81.8% |
| Vöruflutningaskólinn. (339 kennslustundir). Ætlaður fólki á vinnumarkaði sem eru starfsmenn flutningafyrirtækja. | 1 | 9.1% |
| Öryggisvarðanám. (300 kennslustundir). Ætlað fólki á vinnumarkaði sem er eldra en 20 ára, með stutta skólagöngu og starfa hjá fyrirtæki sem annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni. | 0 | 0.0% |
| Meðferð matvæla. (60 kennslustundir). Ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, með stutta skólagöngu og eru á vinnumarkaði. | 1 | 9.1% |
| Grunnmenntaskólinn. (300 kennslustundir). Ætlaður fólki á vinnumarkaði, sem er eldra en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu. Aðeins bóklegt nám. | 3 | 27.3% |
| Landnemaskólinn I og II. (120 kennslustundir hvor hluti). Ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki á íslensku að móðurmáli (af erlendum uppruna). | 1 | 9.1% |
| Sterkari starfsmaður - Upplýsingatækni og samskipti. (150 kennslustundir). Ætlað fólki á vinnumarkaði sem vill auka færni sína til að takast á við breytingar í starfi og auka færni sína í upplýsingatækni og tölvum. | 4 | 36.4% |
| Trúnaðarmannanámskeið I og II. (81 kennslustund hvort). Ætlað trúnaðarmönnum á vinnustað. | 1 | 9.1% |
| Þjónustuliðar – grunnnám. (60 kennslustundir). Ætlað fólki á vinnumarkaði sem er eldra en 20 ára, með stutta skólagöngu og starfa í ræstingum, bítibúrum, matsölum og þvottahúsum. | 2 | 18.2% |
| Opin smiðja. (120 kennslustundir). Starfsnám sem er mótað nánar af viðkomandi símenntunarmiðstöð. Fjölmargar leiðir eru mögulegar, allt eftir þörfum fyrirtækja og atvinnugreina. Dæmi: Garðyrkja, hellu og steinlögn, Grafísk hönnunarsmiðja, Hljóðsmiðja, Hönnun og handverk, Handverkssmiðja, Hönnun og frumkvöðlasmíðja, Kvikmyndasmíðja, Smiðja í gerð og eftirvinnslu myndbanda, Smiðja í málmíðn - Pinnasuða, Smiðja í málmíðn - TIG suða. | 3 | 27.3% |

Fjöldi svara: 11

Telur þú að einhver neðangreind námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast fyrirtækinu yrðu þær kenndar hjá Fræðsluneti Suðurlands eða Visku, fræðslu – og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja?



7. Hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast fyrirtækinu best? Merkja má við einn eða fleiri möguleika og nefna má dæmi um námskeið sem tengjast svarmöguleikanum í neðsta reitinn.


| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Námskeið um innkaup og meðferð vöru og þjónustu. | 5 | 45.5% |
| Námskeið um stjórnun og rekstur. | 5 | 45.5% |
| Námskeið um sölu og markaðssetningu. | 9 | 81.8% |
| Önnur námskeið. Nefnið dæmi: | 1 | 9.1% |

Fjöldi svara: 11

Önnur námskeið. Nefnið dæmi:

- Mannfræði

Hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast fyrirtækinu best?



8. Hvaða almenna menntun eða námskeið myndi nýtast fyrirtækinu best? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.


| Gildi | Fjöldi | % |
|---|--------|-------|
| Tungumálanám - Enska. | 2 | 18.2% |
| Tungumálanám - Danska eða önnur Norðurlandamál. | 1 | 9.1% |
| Tungumálanám - Þýska. | 0 | 0.0% |
| Tungumálanám - Franska. | 0 | 0.0% |
| Íslenska fyrir starfsfólk af erlendum uppruna. | 1 | 9.1% |
| Tölvunám - Grunnnámskeið í tölvufærni. | 2 | 18.2% |
| Tölvunám - Excel. | 4 | 36.4% |
| Tölvunám - Word. | 1 | 9.1% |
| Tölvunám - PowerPoint. | 1 | 9.1% |
| Tölvunám - Internetið. | 0 | 0.0% |
| Tölvunám - Tölvupóstur, markviss samskipti. | 0 | 0.0% |
| Tölvunám - Önnur tölvunámskeið. | 0 | 0.0% |
| Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf. | 6 | 54.6% |
| Þjónustulund og samskipti. | 8 | 72.7% |
| Vinumarkaður, réttindi og skyldur, kjarasamningar, reglur á vinnustað o.fl. | 0 | 0.0% |
| Skyndihjálparnámskeið. | 1 | 9.1% |
| Öryggismálanámskeið. | 1 | 9.1% |
| Önnur tungumál eða önnur námskeið. Nefnið dæmi: | 1 | 9.1% |

Fjöldi svara: 11

Önnur tungumál eða önnur námskeið. Nefnið dæmi:

- Staðbundin fyrir sérhæfð fyrirtæki eins og bakarí og kaffihús t.d. kaffiþjónanámskeið, bakarí, búðin og framsetning vörunnar.

Hvaða almenna menntun eða námskeið myndi nýtast fyrirtækinu best?



9. Hefur þú aðrar hugmyndir að námsleiðum, stuttum námskeiðum eða þjónustu sem símenntunarmiðstöðvar gætu boðið upp á? Dæmi (Merkja má við einn eða fleiri möguleika):


| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Fjarnám á framhalds- eða háskólastigi. | 7 | 63.6% |
| Gæðamál. | 2 | 18.2% |
| Bókhald og launavinnsla. | 1 | 9.1% |
| Aðrar hugmyndir. Nefnið dæmi: | 3 | 27.3% |

Fjöldi svara: 11

Aðrar hugmyndir. Nefnið dæmi:

- Sjálfstyrkingarnámskeið
- Þrif og ræsting, meðferð matvæla, hreinlæti og framkoma

Hefur þú aðrar hugmyndir að námsleiðum, stuttum námskeiðum eða þjónustu sem símenntunarmiðstöðvar gætu boðið upp á?




10. Telur þú að Diplomanámi í verslunarstjórnun sem Háskólinn á Bifröst býður upp á gæti nýst fyrirtækinu eða starfsfólki þess?

| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Já. | 5 | 45.5% |
| Nei. | 2 | 18.2% |
| Veit ekki, hef ekki kynnt mér þetta nám. | 4 | 36.4% |

Fjöldi svara: 11

Telur þú að Diplomanámi í verslunarstjórnun sem Háskólinn á Bifröst býður upp á gæti nýst fyrirtækinu eða starfsfólki þess?



11. Gæti fjarnám á einhverjum sviðum nýst fyrirtækinu? Hér er átt við að flytja ákveðið nám inn í fyrirtækið í stað þess að starfsmenn þurfi að sækja námið út fyrir veggj þess.


| Gildi | Fjöldi | % |
|--------------------------------|--------|-------|
| Nei. | 4 | 36.4% |
| Já. Hér má gjarnan nefna dæmi: | 7 | 63.6% |

Fjöldi svara: 11

Já. Hér má gjarnan nefna dæmi:

- Faglegt námskeið um vörur.
- Grunnám í verslun
- Örnámskeið annaðhvort á staðnum eða í fjarkennslu væri góður kostur til að auka gæði vinnunnar og þjónustunnar. t.d. Kaffipjóna námskeið, þrif og ræsting, framkoma og hreinlæti, meðferð matvæla.

Gæti fjarnám á einhverjum sviðum nýst fyrirtækinu? Hér er átt við að flytja ákveðið nám inn í fyrirtækið í stað þess að starfsmenn þurfi að sækja námið út fyrir veggj þess.



12. Hvað telur þú vera forgangsatriði í menntunarmálum á þínu sviði?

- Að gera fólki kleyft að stunda fjarnám eða námskeið á vinnutíma að hluta til því vinnuálagið er orðið of mikið í
- Framkoma, öll svona námskeið nýtast bæði í lífi og starfi
- Hér vantar atvinnutækifæri fyrir margt vel menntað fólk sem mundi vilja búa hér ef það fengi vinnu við hæfi.
- Launum og ekki bara möguleika heldur verði það samningsbundið að menn hækki í launum við að taka svona
- Lykilstarfsfólk
- Meiri vörubekking
- Námskeið Forgangsatriði víða hér á Suðurlandi er betri og hraðari nettengingar.
- Netsamband í dreifbýli og þannig möguleiki á fjarnámi
- Starfsnám á staðnum, örnámskeið á staðnum, t.d þrif og ræsting, meðferð matvæla, framsetning á vörum, hreinlæti og
- Sölu og markaðsmál
- Tengja saman vinnu og grunnám í verslun t.d. með framhaldsskóla á staðnum og sérhæfð eigin námskeið fyrir
- Tölvukunnátta
- Tölvunám framsetning og þjónusta
- Veit ekki
- Verslunar og þjónustugeiranum. Þjóða upp á fjölbreyttara val á námi í námskeiðum sem gefa fólki möguleika á auknum
- Vörubekking og meðhöndlun vara


Skólakerfi (Leik- og grunnskólar)

1. Telur þú að atvinnugreinin þurfi á aukinni menntun starfsfólks að halda?

| Gildi | Fjöldi | % |
|-----------------------|--------|-------|
| Já, á öllum sviðum. | 24 | 61.5% |
| Já, á nokkrum sviðum. | 15 | 38.5% |
| Nei. | 0 | 0.0% |

Fjöldi svara: 39

Telur þú að atvinnugreinin þurfi á aukinni menntun starfsfólks að halda?



2. Á hvaða stigi menntunar liggur helst þörf atvinnugreinarinnar? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.


| Gildi | Fjöldi | % |
|---------------------------------------|--------|-------|
| Framhaldsskólanám - Bóknám. | 7 | 18.0% |
| Framhaldsskólanám - Starfsnám/iðnnám. | 10 | 25.6% |
| Framhaldsskólanám - Listir. | 7 | 18.0% |
| Háskólanám. | 22 | 56.4% |
| Sérhæfð námskeið. | 28 | 71.8% |
| Almenn námskeið. | 14 | 35.9% |
| Á öðrum stigum. Dæmi: | 3 | 7.7% |

Fjöldi svara: 39

Á öðrum stigum. Dæmi:

- Kennaramenntun
- Listgreinar, vísindi, sjálfbærni
- Mikill skortur er á menntuðu starfsfólki á leikskóla. Þar gæti starfsnám eða blandað með bóknámi verið mikill stuðningur og hvatt ungt fólk til starfa þar

Á hvaða stigi menntunar liggur helst þörf atvinnugreinarinnar?




3. Þekkir þú til námsframboðs og þjónustu eftirfarandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Fræðslunets Suðurlands. | 29 | 76.3% |
| Háskólafélags Suðurlands. | 15 | 39.5% |
| Visku – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja. | 3 | 7.9% |
| Þekkingarseturs Vestmannaeyja. | 3 | 7.9% |
| Þekkingarnets Austurlands/Austurbrúar. | 4 | 10.5% |
| Iðunnar – fræðsluseturs. | 3 | 7.9% |
| Starfsmenntar – fræðsluseturs. | 6 | 15.8% |
| Annarra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, hverra: | 7 | 18.4% |

Fjöldi svara: 38


Annarra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, hverra:

- Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Mímir Endurmennt.HÍ
- Háskólinn Reykjavík og Akureyri
- Skólaskrifstofa Suðurlands
- Símeiy

Þekkir þú til námsframboðs og þjónustu eftirfarandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva?**4. Þekkir þú til starfsemi og þjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins?**

| Gildi | Fjöldi | % |
|-------|--------|-------|
| Já | 11 | 28.2% |
| Nei | 28 | 71.8% |

Fjöldi svara: 39

Þekkir þú til starfsemi og þjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins?

5. Á hvern hátt telur þú að megi helst efla menntunarstig íbúa Suðurlands (sem er talsvert lægra en landsmeðaltal)? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.


| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Með aukinni áherslu á starfsemi framhaldsskólanna. | 19 | 48.7% |
| Með bætту aðgengi að háskólanámi, t.d. gegnum fjarnám. | 25 | 64.1% |
| Með bætту aðgengi að sérhæfðu eða starfstengdu námi. | 29 | 74.4% |
| Með aukinni áherslu á starfsemi símenntunarmiðstöðva. | 19 | 48.7% |
| Með bætту aðgengi að starfsnámi/iðnnámi. | 28 | 71.8% |
| Með aukinni fræðslu, kynningu og umræðu um gildi menntunar. | 21 | 53.9% |
| Með bætту netsambandi, ekki síst í dreifbýli. | 19 | 48.7% |
| Með auknum möguleikum á menntun í fjarnámi. | 30 | 76.9% |
| Með aukinni kynningu á raunfærnimati og bætту aðgengi að því. | 11 | 28.2% |
| Með því að fjölga störfum á Suðurlandi sem krefjast menntunar. | 20 | 51.3% |
| Með öðrum leiðum, hverjum: | 5 | 12.8% |

Fjöldi svara: 39

Með öðrum leiðum, hverjum:

- Efla grunnskólamenntun og gera hana einstaklingsmiðaða
- Efla menntun í grunnskólum
- staðbundið Háskólanám
- Raunfærnimat er "in" í dag og það er vel þar sem fólk býr yfir mikilli reynslu og þekkingu og veit varla sjálf tve auðugt það er.
- Öflugri náms- og starfsráðgjöf sem styður nemand frá upphafi til enda námsins.

Á hvern hátt telur þú að megi helst efla menntunarstig íbúa Suðurlands (sem er talsvert lægra en landsmeðaltal)?




6. Telur þú að einhver neðangreindra námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast skólanum yrðu þær kenndar hjá Fræðsluneti Suðurlands eða Visku – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja? Merkja má við einn eða fleiri möguleika. Nánari upplýsingar um námsleiðirnar er að finna á www.frae.is/namsskrar.

| Gildi | Fjöldi | % |
|---|--------|-------|
| Fagnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla. (210 kennslustundir). Ætlað þeim sem eru á vinnumarkaði, eldri en 20 ára, hafa stutta skólagöngu og vinna á leikskólum. | 27 | 69.2% |
| Grunnnám fyrir skólaliða. (70 kennslustundir). Ætlað þeim sem hafa umsjón með grunnskólabörnum í frímínútum, í útivist og á matmálistímum auk þess að ræsta skólahúsnæði og sinna skyldum verkefnum á því sviði. Námið getur einnig nýst þeim sem aðstoða kennara þegar þeir sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð svo og þeim sem líta eftir börnum á leikskólum. | 22 | 56.4% |
| Meðferð matvæla. (60 kennslustundir). Ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, með stutta skólagöngu og eru á vinnumarkaði. | 15 | 38.5% |
| Grunnmenntaskólinn. (300 kennslustundir). Ætlaður fólki á vinnumarkaði, sem er eldra en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu. Aðeins bóklegt nám. | 14 | 35.9% |
| Landnemaskólinn I og II. (120 kennslustundir hvor hluti). Ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki á íslensku að móðurmáli (af erlendum uppruna). | 17 | 43.6% |
| Sterkari starfsmaður - Upplýsingatækni og samskipti. (150 kennslustundir). Ætlað fólki á vinnumarkaði sem vill auka færni sína til að takast á við breytingar í starfi og auka færni sína í upplýsingatækni og tölvum. | 24 | 61.5% |
| Trúnaðarmannanámskeið I og II. (81 kennslustund hvort). Ætlað trúnaðarmönnum á vinnustað. | 7 | 18.0% |
| Þjónustuliðar – grunnnám. (60 kennslustundir). Ætlað fólki á vinnumarkaði sem er eldra en 20 ára, með stutta skólagöngu og starfa í ræstingum, bítibúrum, matsölum og þvottahúsum. | 12 | 30.8% |
| Opin smiðja. (120 kennslustundir). Starfsnám sem er mótað nánar af viðkomandi símenntunarmiðstöð. Fjölmargar leiðir eru mögulegar, allt eftir þörfum fyrirtækja og atvinnugreina. Dæmi: Garðyrkja, hellu og steinlögn, Grafísk hönnunarsmiðja, Hljóðsmiðja, Hönnun og handverk, Handverkssmiðja, Hönnunar og frumkvöðlasmiðja, Kvikmyndasmiðja, Smiðja í gerð og eftirvinnslu myndbanda, Smiðja í málmíðn - Pinnasuða, Smiðja í málmíðn - TIG suða. | 15 | 38.5% |

Fjöldi svara: 39

Telur þú að einhver neðangreindra námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndu nýtast skólanum yrðu þær kenndar hjá Fræðsluneti Suðurlands eða Visku – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja?



7. Hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast skólanum best? Merkja má við einn eða fleiri möguleika og nefna má dæmi um námskeið sem tengjast svarmöguleikunum í neðsta reitinn.


| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Námskeið um innkaup og meðferð vöru og þjónustu. | 7 | 18.9% |
| Námskeið um stjórnun og rekstur. | 25 | 67.6% |
| Námskeið um sölu og markaðssetningu. | 0 | 0.0% |
| Önnur námskeið. Nefnið dæmi: | 12 | 32.4% |

Fjöldi svara: 37

Önnur námskeið. Nefnið dæmi:

- Faglegt starf leikskóla
- Í skólana vantar sérkennara, náms- og starfsráðgjafa, talmeinafræðinga, tómsundafræðinga, auk þess leikskólakennara og almennt starfsfólk með í leikskóla með stutta praktíska starfsmenntun.
- Kennsla yngri barna
- Mannleg samskipti
- margmiðlun, samskipti
- Námskeið á sviði lista, skapandi hugsunar, nýsköpunar, sköpunargleði, aðferðir til að setja upp þverfaglega smiðjur
- Námskeið um leikinn, uppeldi, samskipti, Skyndihjálp, nýsköpun, tölvulæsi
- Námskeið um samskipti, tækninámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið sem efla starfsfólk grunnskóla í að styðja og styrkja við sjálfsmynd nemenda, t.d. líkt og Dale Carnigie er með og svo mætti lengi telja
- Námskeiðið þarf að vera metið til eininga.
- Umönnunarnámskeið
- Uppeldi og kennslu barna
- Uppeldi og kennslufræði, námskeið um leikinn, lestrarkennsla. Áhersla á færni einstaklingsins í grunnskólum

Hvaða sérhæfða menntun eða námskeið myndu nýtast skólanum best?




8. Hvaða almenna menntun eða námskeið myndi nýtast skólanum best? Merkja má við einn eða fleiri möguleika.

| Gildi | Fjöldi | % |
|---|--------|-------|
| Tungumálanám - Enska. | 5 | 13.2% |
| Tungumálanám - Danska eða önnur Norðurlandamál. | 1 | 2.6% |
| Tungumálanám - Þýska. | 0 | 0.0% |
| Tungumálanám - Franska. | 0 | 0.0% |
| Íslenska fyrir starfsfólk af erlendum uppruna. | 16 | 42.1% |
| Tölvunám - Grunnnámskeið í tölvufærni. | 23 | 60.5% |
| Tölvunám - Excel. | 16 | 42.1% |
| Tölvunám - Word. | 16 | 42.1% |
| Tölvunám - PowerPoint. | 11 | 29.0% |
| Tölvunám - Internetið. | 15 | 39.5% |
| Tölvunám - Tölvupóstur, markviss samskipti. | 11 | 29.0% |
| Tölvunám - Önnur tölvunámskeið. | 8 | 21.1% |
| Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf. | 31 | 81.6% |
| Þjónustulund og samskipti. | 21 | 55.3% |
| Vinumarkaður, réttindi og skyldur, kjarasamningar, reglur á vinnustað o.fl. | 6 | 15.8% |
| Skyndihjálpanámskeið. | 21 | 55.3% |
| Öryggismálanámskeið. | 5 | 13.2% |
| Önnur tungumál eða önnur námskeið. Nefnið dæmi: | 2 | 5.3% |

Fjöldi svara: 38

Önnur tungumál eða önnur námskeið. Nefnið dæmi:

- Sjá fyrir ofan - smíðjur, listir, hönnun, nýsköpun
- Upplýsingatækni, notkun spjaldtölva í kennslu og í starfi með börnum 2-16 ára, virkni með börnum í lengdri viðveru.

Hvaða almenna menntun eða námskeið myndi nýtast skólanum best?


9. Hefur þú aðrar hugmyndir að námsleiðum, stuttum námskeiðum eða þjónustu sem símenntunarmiðstöðvar gætu boðið upp á? Dæmi:

| Gildi | Fjöldi | % |
|--|--------|-------|
| Fjarnám á framhalds- eða háskólastigi. | 33 | 91.7% |
| Gæðamál. | 5 | 13.9% |
| Bókhald og launavinnsla. | 3 | 8.3% |
| Aðrar hugmyndir. Nefnið dæmi: | 5 | 13.9% |

Fjöldi svara: 36


Aðrar hugmyndir. Nefnið dæmi:

- Leikskólakennaramenntun
